



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur 15. maí, 2008

Ákvörðun nr. 32/2008

## **Brot Sundagarða ehf. á tilkynningarskyldu um samruna.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsatvik**

Með bréfi, dagsettu þann 22. janúar 2007, vakti Samkeppniseftirlitið athygli á því með vísan til fréttar um að Sundagarðar hf. (hér eftir Sundagarðar) hafi keypt allt hlutafé Sparisjóðs Mýrarsýslu í Borgarnes Kjötvörum ehf. (BK) að um samruna gæti verið að ræða sem tilkynningarskyldur væri samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga.<sup>1</sup> Samkeppniseftirlitið lagði fyrir Sundagarða að tilkynna til eftirlitsins um þennan samruna, eftir því sem við ætti og á þann hátt sem reglur gerðu ráð fyrir. Var og tekið fram að samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga leggi Samkeppniseftirlitið sektir á fyrirtæki sem brjóti gegn tilkynningarskyldu þessari.

Samrunatilkynning hafði ekki borist Samkeppniseftirlitinu þann 13. febrúar sl. en þann dag sendi eftirlitið bréf til Sundagarða þar sem ítrekað var að Samkeppniseftirlitið teldi rétt að taka til athugunar hvort leggja skuli sektir á Sundagarða vegna hugsanlegra brota á tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Veitti Samkeppniseftirlitið Sundagörðum frest til 27. febrúar sl. til þess að koma að athugasemdum vegna hugsanlegra sekta.

Þann 5. mars sl. barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá vegna umræddra kaupa ásamt bréfi þar sem tíundaðar voru ástæður þess að tilkynningin hafi ekki borist Samkeppniseftirlitinu fyrr. Í bréfinu kom fram að BK hafi verið mjög skuldsett fyrirtæki og um leið og kaupin hafi átt sér stað hafi mikill tími starfsmanna Sundagarða farið í að greiða úr þeim skuldum. Tölvukerfi BK hafi einnig verið komið til ára sinna og því reynst erfitt fyrir Sundagarða að afla nauðsynlegra upplýsinga úr bókhaldi félagsins. Framkvæmdastjóri BK hætti skömmu eftir kaupin sem hafi gert Sundagörðum erfiðara um vik. Með vísan í framangreint hafi verið ljóst að starfslíð Sundagarða hafi verið of fámennt til að takast á við öll þau verkefni er kaupunum fylgdu. Í lokin segir að farið sé á leit við Samkeppniseftirlitið að það láti hjá líða að beita viðurlagaúrræðum þeim sem eftirlitið hefur.

Sú tilkynning sem barst Samkeppniseftirlitinu þann 5. mars sl. var verulega áfátt að mati eftirlitsins og var það kynnt Sundagörðum með bréfi, dags. 10. mars sl.

<sup>1</sup> Sjá frétt í vefriti Morgunblaðsins [www.mbl.is](http://www.mbl.is) þann 5. janúar sl.



Var því beint til samrunaaðila að leggja fram þær upplýsingar sem áttu að koma fram í tilkynningunni sem allra fyrst.

Þann 13. mars 2008 barst Samkeppniseftirlitinu fullnægjandi samrunatilkynning sem tekur mið af viðauka í reglum Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu samruna nr. 881/2005. Við það tímamark hófst 30 daga frestur sá sem Samkeppniseftirlitið hefur til þess að taka afstöðu til samrunans, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Samrunatilkynningunni fylgdi m.a. kaupsamningur sem undirritaður var þann 31. desember 2007.

## II.

### Niðurstaða

Í 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga er skýrt tekið fram undir hvaða kringumstæðum tilkynna skuli samruna til Samkeppniseftirlitsins. Þar segir:

*„Tilkynna skal Samkeppniseftirlitinu um samruna sem fellur undir 1. mgr. eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekinn aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki. Frestur hefst þegar eitt af þessu hefur gerst.“*

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að tilkynningarskylda vegna samruna stofnast þegar kaupsamningur er undirritaður sem í þessu tilfelli var þann 31. desember 2007. Tilkynningarskylda þessi er óháð skilyrðum í kaupsamningi um samþykki tiltekinna aðila eða stofnana eða skilyrðum varðandi áreiðanleikakönnun (e. due diligence)<sup>2</sup>, sbr. úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 2/2008 *Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Enn fremur hafa aðstæður líkt og þær sem Sundagarðar lýsa í bréfi sínu, dags. 5 mars sl., ekki áhrif á frest til að tilkynna um samruna samkvæmt samkeppnislögum.

Af framangreindu leiðir að Sundagarðar sinntu ekki tilkynningarskyldu sinni innan löglegra fresta skv. samkeppnislögum þar sem fullnægjandi samrunatilkynning barst eigi fyrr en 13. mars 2008. Telst félagið því hafa brotið gegn skyldu 17. gr. samkeppnislaga.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 57/2007 sem varð að 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og tók gildi 27. mars 2007 skal Samkeppniseftirlitið leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Í ummælum greinargerðar um ákvæðið segir meðal annars:

*„Þá er lagt til að Samkeppniseftirlitið leggi á stjórnvaldssektir hafi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja brotið gegn ákvörðunum eftirlitsins á grundvelli 14., 15., 16. og 17. gr. Nokkuð hefur borið á því í framkvæmd að fyrirtæki hafi skirrst við að tilkynna um samruna, þrátt*

<sup>2</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli nr. IV/M.023 *ICI/Tioxide*.



*fyrir skýra skyldu þar að lútandi í 17. gr. laganna. Þá hefur einnig borið á í framkvæmd að skylda til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr. laganna sé ekki virt í hvívetna. Því er lagt til að Samkeppniseftirlitið skuli leggja stjórnvaldssektir á þau fyrirtæki sem brjóta gegn þeim ákvæðum laganna."*

Við mat á sektum skal meðal annars hafa til hliðsjónar eðli og umfang brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Samkvæmt framansögðu bar Sundagörðum að tilkynna umræddan samruna í síðasta lagi þann 7. janúar sl., þ.e. innan viku eftir að kaupsamningur var undirritaður, þ.e. þann 31. desember 2007. Samrunatilkynning barst eigi fyrr en 13. mars sl. eða rúmlega tveimur mánuðum eftir að tilkynningarskyldan hófst. Þær skýringar sem félagið gefur fyrir þeim drætti sem varð á tilkynningu samrunans gefa ekki tilefni til að láta hjá líða að beita sektum að mati Samkeppniseftirlitsins.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og atvikum öllum telur Samkeppniseftirlitið að hóflega ákvörðuð sekt sé 750.000 krónur.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Vegna brots Sundagarða hf. á 17. gr. samkeppnislaga skal félagið greiða 750.000 krónur í sekt með vísan til heimildar í 37. gr. samkeppnislaga. Sektina skal greiða innan mánaðar frá ákvörðun þessari.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson